# Skólasóknarkerfi í grunnskólum á svæði Félags- og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Verkferill -fjarvistir og seinkomur

1

## 10 fjarvistarstig og/eða seinkomur

**8 í mætingareinkunn**

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun
- Umsjónarkennari ræðir við forsjáraðila og/eða nemanda ef þarf
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skóla um farsæld barna og hlutverk tengiliða farsældar

2

## 15 fjarvistarstig og/eða seinkomur

**7 í mætingareinkunn**

- Umsjónarkennari sendir forsjáaðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda og/eða nemanda
- Forsjáraðilar boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við farsæld barns og fjölskyldu

3

## 25 fjarvistarstig og/eða seinkomur

**5 í mætingareinkunn**

- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum

- Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn
- 1. stig: Seint, ef nemandi mætir 5 mínútum eftir að tími hefst
- 2. stig: Fjarvist, ef nemandi mætir ekki eða 15 mínútum eftir að tími hefst
- 3. stig: Brottrekstur, ef nemanda er vísað úr kennslustund
- Skólasókn er sýnileg í Mentor/Námfús
- Umsjónarkennari sendir forráðamönnum mánaðarlega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar

# Verkferill veikinda- og leyfisdagar

1

## 5 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun
- Umsjónarkennari metur stöðuna og hefur samband við forsjáraðila ef þurfa þykir
- Vísað í kynningarefni á heimasíðu skóla um farsæld barna og hlutverk tengiliða

2

## 10 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda
- Ef þarf metur umsjónarkennari stöðuna og forsjáraðilar ásamt nemanda, boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem leitað er skýringa á fjarvistum og metin þörf fyrir aðkomu tengiliðar til að styðja við færsæld barns og fjölskyldu
- Umsjónakennari bendir á viðtalstíma náms- og starfsráðgjafa

3

## 15 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum póst um ástundun og upplýsir skólastjórnanda
- Ef þarf metur umsjónarkennari stöðuna ásamt skólastjóra og forsjáraðilar hvattir til að óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns til að tryggja aðgengi að viðeigandi ráðgjöf og stuðningsúrræðum frá félagsþjónustu

4

## 20 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari metur stöðuna og bregst við ef þurfa þykir
- Skólastjórnandi boðar til fundar með forsjáraðilum og tengilið skólans þar sem veitt er leiðsögn við að óska eftir samþættri þjónustu
- Skólastjóri upplýsir forsjáraðila að málið verði tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi
- **Ef 80% eða meira af þessum veikinda- og leyfisdögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela skólahjúkrunarfræðingi að hafa samband við foreldra**

5

## 25 veikinda- og/eða leyfisdagar

- Umsjónarkennari metur stöðuna og bregst við ef þurfa þykir
- Skólastjórnandi sendir tilkynningu til barnaverndar að forsjáraðilum upplýstum

- **Forsjáraðilar bera ábyrgð á að tilkynna veikindi**
- **Á öllum þrepum ber að gæta jafnræðis og samræmis í viðbögðum**
- **Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins**